# Samherji hf.

## Árshlutareikningur
## 30. september 2001

# Efnisyfirlit

Skýrsla stjórnar og forstjóra .................. 2

Áritun endurskoðenda ........................... 3

Rekstrarreikningur ................................ 4

Efnahagsreikningur ............................... 5

Yfirlit um sjóðstreymi ........................... 7

Skýringar .............................................. 8

# Áritun stjórnenda

Árshlutareikningur Samherja hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2001 er gerður með sambærilegum hætti og ársreikningur félagsins árið áður. Framsetningu á hlutdeild félagsins í endurmatsbreytingum og rekstrarárangri erlends dótturfélags hefur þó verið breytt með þeim hætti að fjárhæðir í efnahagsreikningi þess eru nú umreiknaðar í íslenskar krónur miðað við gengi í lok september, en fjárhæðir úr rekstrarreikningi eru umreiknaðar á meðalgengi tímabilsins. Gengismunur sem myndast við yfirfærslu reikningsskila erlends dótturfélags í íslenskar krónur er færður á endurmatsreikning. Áður voru reikningsskil erlends dótturfélags yfirfærð í íslenskar krónur miðað við hliðstæðar reikningsskilaaðferðir og forsendur sem gilda um reikningsskil hér á landi, svo sem við útreikning á áhrifum verðlagsbreytinga á rekstur og stöðu félagsins. Hlutdeild félagsins í afkomu erlendra hlutdeildarfélaga er nú einnig reiknuð með sambærilegum hætti.

Hagnaður félagsins á tímabilinu nam 268,9 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé í lok þess nam 5.769,9 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi að meðtöldu hlutafé að fjárhæð 1.655,9 millj. kr. Eiginfjárhlutfall félagsins var 32,9% hjá samstæðunni en 33,3% hjá móðurfélaginu.

Í lok september voru hluthafar 2.330. Þrír hluthafar áttu yfir 10,0% eignarhlut í félaginu, Kaupfélag Eyfirðinga svf. átti 18,8% Kristján Vilhelmsson átti 16,7% og Þorsteinn Már Baldvinsson átti 16,3%.

Stjórn og forstjóri Samherja hf. staðfesta hér með árshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2001 með undirritun sinni.

Akureyri 28. nóvember 2001.

Í stjórn félagsins:

Forstjóri:

# Áritun endurskoðenda

Stjórn Samherja hf.

Við höfum aðstoðað við gerð meðfylgjandi árshlutareiknings Samherja hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2001. Árshlutareikningurinn hefur að geyma samstæðureikning og árshlutareikning móðurfélagsins. Hann greinist í rekstrareikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar nr. 1 -21. Árshlutareikningurinn er byggður á gögnum félagsins og upplýsingum frá stjórnendum þess.

Aðstoð okkar er bundin við framsetningu árshlutareikningsins. Við höfum hvorki kannað né endurskoðað hann. Aðstoð við framsetningu árshlutareikningsins felur ekki í sér sömu aðgerðir og könnun eða endurskoðun, sem unnin er eftir viðurkenndum venjum, og hefur það að markmiði að láta í ljós álit á reikningsskilunum í heild. Slíkt álit er því ekki látið í ljós.

Akureyri 28. nóvember 2001.

Arnar Árnason

***KPMG Endurskoðun Akureyri hf.***

# Rekstrarreikningur 1. janúar til 30. september 2001

| | Skýr. | Samstæða 2001 1.1. - 30.9. | Samstæða 2001 1.1. - 30.6. | Samstæða 2000 1.1. - 31.12. | Móðurfélag 2001 1.1. - 30.9. | Móðurfélag 2001 1.1. - 30.6. | Móðurfélag 2000 1.1. - 31.12. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur:** | | | | | | | |
| Tekjur landvinnslu | | 4.388.521 | 3.058.383 | 2.474.598 | 4.388.521 | 3.058.383 | 2.474.598 |
| Tekjur útgerðar | | 4.849.820 | 2.964.141 | 3.939.835 | 4.659.068 | 2.774.629 | 3.717.770 |
| Afli til eigin vinnslu | | ( 977.744) | ( 716.243) | ( 435.006) | ( 977.744) | ( 716.243) | ( 435.006) |
| Vörusala | | 947.721 | 616.963 | 817.809 | 947.721 | 616.963 | 817.809 |
| Aðrar tekjur | | 117.012 | 65.507 | 213.597 | 101.094 | 50.371 | 186.592 |
| | | 9.325.330 | 5.988.751 | 7.010.833 | 9.118.660 | 5.784.103 | 6.761.763 |
| **Rekstrargjöld:** | | | | | | | |
| Framleiðslukostnaður | | 3.236.609 | 2.242.527 | 2.176.461 | 3.333.146 | 2.273.081 | 2.237.301 |
| Afli til eigin vinnslu | | ( 977.744) | ( 716.243) | ( 435.006) | ( 977.744) | ( 716.243) | ( 435.006) |
| Útgerðarkostnaður | | 3.322.539 | 2.115.950 | 2.846.116 | 3.130.337 | 1.977.391 | 2.548.774 |
| Kostnaðarverð seldra vara | | 922.739 | 588.135 | 793.917 | 922.739 | 588.135 | 793.917 |
| Sameiginlegur kostnaður | | 242.322 | 146.142 | 217.797 | 226.338 | 136.385 | 193.700 |
| | | 6.746.465 | 4.376.511 | 5.599.285 | 6.634.816 | 4.258.749 | 5.338.686 |
| Hagnaður án afskrifta og fjármagnskostnaðar | | 2.578.865 | 1.612.240 | 1.411.548 | 2.483.844 | 1.525.355 | 1.423.077 |
| Afskriftir | 2,10 | ( 759.826) | ( 497.898) | ( 643.059) | ( 729.108) | ( 477.781) | ( 592.762) |
| Rekstrarhagnaður án fjármunatekna og fjármagnsgjalda | | 1.819.039 | 1.114.342 | 768.489 | 1.754.736 | 1.047.574 | 830.315 |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):** | | | | | | | |
| Vaxtatekjur og arður | | 41.182 | 19.205 | 68.100 | 41.178 | 19.200 | 68.072 |
| Hagnaður af sölu eigna í hlutdeildarfélögum | | 2.226 | | 974.504 | 2.226 | | 974.504 |
| Vaxtagjöld og verðbætur | | ( 501.278) | ( 355.291) | ( 397.114) | ( 493.278) | ( 350.206) | ( 384.440) |
| Gengismunur | | ( 1.377.138) | ( 1.239.464) | ( 252.896) | ( 1.376.653) | ( 1.238.979) | ( 222.807) |
| Reiknaðar tekjur vegna verðlagsbreytinga | 2 | 365.438 | 290.800 | 126.005 | 365.438 | 290.800 | 110.411 |
| Áhrif dótturfélaga | 5,7,12 | | | | ( 66.242) | ( 58.202) | ( 88.967) |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | 5,7,12 | ( 100.832) | ( 108.800) | ( 167.659) | ( 100.832) | ( 108.800) | ( 167.659) |
| | | ( 1.570.402) | ( 1.393.550) | 350.940 | ( 1.628.163) | ( 1.446.187) | 289.114 |
| Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt | | 248.637 | ( 279.208) | 1.119.429 | 126.573 | ( 398.613) | 1.119.429 |
| Tekjuskattur | 6,18 | ( 128.127) | 53.608 | ( 375.210) | ( 128.127) | 53.608 | ( 375.210) |
| Áhrif lækkunar tekjuskattshlutfalls | 6,18 | 296.530 | | | 296.530 | | |
| Hagnaður (tap) af reglulegri starfsemi eftir skatta | | 417.040 | ( 225.600) | 744.219 | 294.976 | ( 345.005) | 744.219 |
| **Aðrar tekjur og (gjöld):** | | | | | | | |
| Tap af sölu eigna að frádregnum tekjuskatti | 11 | ( 148.174) | ( 119.405) | ( 17.720) | ( 26.110) | | ( 17.720) |
| **Hagnaður (tap) tímabilsins** | 16,17 | 268.866 | ( 345.005) | 726.499 | 268.866 | ( 345.005) | 726.499 |

# Efnahagsreikningur

## Eignir

| | Skýr. | Samstæða 2001 30.9. | Samstæða 2001 30.6. | Samstæða 2000 31.12. | Móðurfélag 2001 30.9. | Móðurfélag 2001 30.6. | Móðurfélag 2000 31.12. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir:** | | | | | | | |
| Óefnislegar eignir: | | | | | | | |
| Aflaheimildir | 8 | 3.491.048 | 3.383.350 | 3.364.125 | 2.826.758 | 2.715.933 | 2.739.539 |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | | | | | | | |
| Fasteignir | | 783.566 | 782.153 | 744.802 | 783.566 | 782.153 | 744.802 |
| Fiskiskip | | 4.602.074 | 4.711.765 | 4.843.495 | 4.602.074 | 4.711.765 | 4.607.214 |
| Vélar, áhöld og tæki | | 812.365 | 838.917 | 902.489 | 811.270 | 837.743 | 902.235 |
| | 9-11 | 6.198.005 | 6.332.835 | 6.490.786 | 6.196.910 | 6.331.661 | 6.254.251 |
| Áhættufjármunir og langtímakröfur: | | | | | | | |
| Eignarhlutur í dótturfélagi | 5,7,12 | | | | 387.200 | 387.856 | 450.074 |
| Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum | 5,7,12 | 1.130.152 | 1.142.287 | 878.798 | 1.074.892 | 1.087.250 | 878.798 |
| Eignarhlutir í öðrum félögum | | 505.385 | 487.892 | 543.385 | 505.385 | 487.892 | 543.385 |
| Lán til dóttur- og hlutdeildarfélaga | 14 | 82.202 | 80.967 | 97.847 | 253.795 | 251.988 | 272.729 |
| Aðrar langtímakröfur | | 332.011 | 333.410 | 304.276 | 332.011 | 333.410 | 304.276 |
| | | 2.049.750 | 2.044.556 | 1.824.306 | 2.553.283 | 2.548.396 | 2.449.262 |
| Fastafjármunir | | 11.738.803 | 11.760.741 | 11.679.217 | 11.576.951 | 11.595.990 | 11.443.052 |
| **Veltufjármunir:** | | | | | | | |
| Birgðir: | | | | | | | |
| Afurðir | 4 | 1.643.143 | 1.762.457 | 1.190.304 | 1.643.143 | 1.762.457 | 1.190.304 |
| Rekstrarvörur | 4 | 556.840 | 546.853 | 550.032 | 548.801 | 540.096 | 516.060 |
| Skammtímakröfur: | | | | | | | |
| Viðskiptakröfur | | 1.776.793 | 1.278.483 | 1.147.080 | 1.776.793 | 1.278.483 | 1.147.080 |
| Kröfur á dóttur- og hlutdeildarfélög | | 518.626 | 379.924 | 280.893 | 518.626 | 368.809 | 363.868 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 938.211 | 984.708 | 1.175.649 | 895.167 | 954.689 | 1.167.757 |
| Næsta árs afborganir af langtímakröfum | | 54.051 | 62.615 | 47.272 | 54.051 | 62.615 | 47.272 |
| Fyrirframgreiddur kostnaður | | 254.647 | 154.395 | 48.398 | 250.197 | 149.900 | 48.090 |
| Handbært fé | | 64.666 | 48.532 | 473.963 | 64.256 | 48.074 | 473.420 |
| Veltufjármunir | | 5.806.977 | 5.217.967 | 4.913.591 | 5.751.034 | 5.165.123 | 4.953.851 |
| **Eignir samtals** | | 17.545.780 | 16.978.708 | 16.592.808 | 17.327.985 | 16.761.113 | 16.396.903 |

## Skuldir og eigið fé

| | Skýr. | Samstæða 2001 30.9. | Samstæða 2001 30.6. | Samstæða 2000 31.12. | Móðurfélag 2001 30.9. | Móðurfélag 2001 30.6. | Móðurfélag 2000 31.12. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Eigið fé:** | | | | | | | |
| Hlutafé | 15 | 1.655.893 | 1.655.893 | 1.655.893 | 1.655.893 | 1.655.893 | 1.655.893 |
| Yfirverðsreikningur innborgaðs hlutafjár | | 730.338 | 730.338 | 730.338 | 730.338 | 730.338 | 730.338 |
| Endurmatsreikningur | | 303.413 | 252.764 | 149.092 | 303.413 | 252.764 | 149.092 |
| Lögbundinn varasjóður | | 176.503 | 176.503 | 176.503 | 176.503 | 176.503 | 176.503 |
| Óráðstafað eigið fé | | 2.903.746 | 2.219.010 | 2.693.129 | 2.903.746 | 2.219.010 | 2.693.129 |
| Eigið fé | 16,17 | 5.769.893 | 5.034.508 | 5.404.955 | 5.769.893 | 5.034.508 | 5.404.955 |
| **Skuldbindingar:** | | | | | | | |
| Tekjuskattsskuldbinding | 6,18 | 444.795 | 560.099 | 583.397 | 444.795 | 560.099 | 583.397 |
| **Langtímaskuldir:** | | | | | | | |
| Skuldabréfalán | | 552.949 | 553.106 | 550.321 | 552.949 | 553.106 | 550.321 |
| Skuldir við lánastofnanir | | 6.688.885 | 6.912.944 | 6.470.119 | 6.688.885 | 6.912.944 | 6.470.119 |
| | 19 | 7.241.834 | 7.466.050 | 7.020.440 | 7.241.834 | 7.466.050 | 7.020.440 |
| **Skammtímaskuldir:** | | | | | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | | 1.742.652 | 1.505.318 | 1.496.607 | 1.527.965 | 1.307.854 | 1.323.459 |
| Viðskiptaskuldir | | 658.244 | 644.253 | 627.538 | 647.784 | 639.972 | 612.391 |
| Skuldir við hlutdeildarfélög | | 37.297 | 254.168 | 25.752 | 52.636 | 254.168 | 22.869 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | | 1.038.571 | 1.049.049 | 1.034.649 | 1.038.571 | 1.049.049 | 1.034.649 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 612.494 | 465.263 | 399.470 | 604.507 | 449.413 | 394.743 |
| | | 4.089.258 | 3.918.051 | 3.584.016 | 3.871.463 | 3.700.456 | 3.388.111 |
| Skuldir og skuldbindingar samtals | | 11.775.887 | 11.944.200 | 11.187.853 | 11.558.092 | 11.726.605 | 10.991.948 |
| **Skuldir og eigið fé samtals** | | 17.545.780 | 16.978.708 | 16.592.808 | 17.327.985 | 16.761.113 | 16.396.903 |
| **Veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar** | 20,21 | | | | | | |

# Yfirlit um sjóðstreymi 1. janúar til 30. september 2001

| | | Samstæða | | | Móðurfélag | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Skýr. | 2001 1.1. - 30.9. | 2001 1.1. - 30.6. | 2000 1.1. - 31.12. | 2001 1.1. - 30.9. | 2001 1.1. - 30.6. | 2000 1.1. - 31.12. |
| **Rekstrarhreyfingar:** | | | | | | | |
| Hagnaður (tap) tímabilsins | 16,17 | 268.866 | (345.005) | 726.499 | 268.866 | (345.005) | 726.499 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | | | | | |
| Tap (hagnaður) af sölu eigna að frádr. tekjuskatti | | 157.138 | 119.405 | (956.784) | 35.073 | | (956.784) |
| Afskriftir | 2,10 | 759.826 | 497.898 | 643.059 | 729.108 | 477.781 | 592.762 |
| Verðbætur og gengismunur | | 1.317.242 | 1.082.729 | 230.562 | 1.317.241 | 1.082.730 | 230.562 |
| Reiknaðar tekjur vegna verðlagsbreytinga | 2 | (365.438) | (290.800) | (126.005) | (365.438) | (290.800) | (110.411) |
| Áhrif dóttur- og hlutdeildarfélaga | 5,7,12 | 100.832 | 108.800 | 167.659 | 167.074 | 167.002 | 256.626 |
| Breyting skuldbindinga | 6,18 | (179.593) | (23.298) | 375.210 | (179.593) | (23.298) | 375.210 |
| Veltufé frá rekstri | | 2.058.873 | 1.149.729 | 1.060.200 | 1.972.331 | 1.068.410 | 1.114.464 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | | | | | | |
| Birgðir, (hækkun) | | (471.019) | (692.147) | (175.569) | (485.581) | (596.189) | (174.787) |
| Skammtímakröfur, (hækkun) | | (666.280) | (38.657) | (109.792) | (603.910) | (50.312) | (130.870) |
| Skammtímaskuldir, hækkun | | 168.659 | 274.910 | 87.036 | 250.377 | 296.999 | 67.582 |
| Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum | | (968.640) | (455.894) | (198.325) | (839.114) | (349.502) | (238.075) |
| Handbært fé frá rekstri | | 1.090.233 | 693.835 | 861.875 | 1.133.217 | 718.908 | 876.389 |
| **Fjárfestingarhreyfingar:** | | | | | | | |
| Fjárfesting í aflaheimildum og veiðiréttindum | 8 | (148.000) | | | (148.000) | | |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum | 9 | (114.082) | (90.579) | (1.431.336) | (113.948) | (90.448) | (1.431.336) |
| Söluverð seldra rekstrarfjármuna | | 188.610 | 125.092 | 41.757 | 73.000 | 12.000 | 41.757 |
| Fjárfesting í hlutdeildarfélögum | | (299.190) | (247.078) | (600.827) | (248.163) | (197.163) | (600.827) |
| Fjárfesting í eignarhlutum í öðrum félögum | | | | (472.855) | | | (472.855) |
| Söluverð eignarhluta | | 90.624 | | 2.070.016 | 90.624 | | 2.190.399 |
| Langtímakröfur, lækkun | | 70.755 | 61.567 | 633.540 | 70.755 | 61.567 | 633.540 |
| Skammtímakröfur, (hækkun) | | (140.245) | (4.942) | (286.832) | (140.245) | (4.942) | (286.833) |
| Eignir umfram skuldir við sameiningu | | | | (502.215) | | | (502.215) |
| Fjárfestingarhreyfingar | | (351.528) | (155.940) | (548.752) | (415.977) | (218.986) | (428.370) |
| **Fjármögnunarhreyfingar:** | | | | | | | |
| Breyting hlutabréfa | | | | (381.979) | | | (381.979) |
| Arður til hluthafa | 16 | (248.357) | (248.357) | (96.228) | (248.357) | (248.357) | (96.228) |
| Tekin ný langtímalán | | | | 1.260.674 | | | 1.260.674 |
| Afborganir langtímalána | | (1.031.831) | (742.300) | (781.948) | (996.793) | (708.025) | (653.923) |
| Skammtímalán, hækkun | | 160.284 | 55.429 | (35.949) | 118.745 | 31.113 | (178.941) |
| Önnur breyting | | (28.099) | (28.099) | | | | |
| Fjármögnunarhreyfingar | | (1.148.003) | (963.327) | (35.430) | (1.126.405) | (925.269) | (50.397) |
| **(Lækkun) hækkun á handbæru fé** | | (409.298) | (425.432) | 277.693 | (409.165) | (425.347) | 397.622 |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 473.964 | 473.964 | 196.270 | 473.421 | 473.421 | 75.798 |
| **Handbært fé lok tímabilsins** | | 64.666 | 48.532 | 473.963 | 64.256 | 48.074 | 473.420 |

# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

1. Árshlutareikningur Samherja hf. er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður sbr. þó skýringu 7. Félagið átti í lok september eitt dótturfélag, Onward Fishing Company Ltd. Bretlandi, sbr. skýringu 15 og er það að fullu í eigu félagsins. Í samstæðureikningnum eru innbyrðis viðskipti og viðskiptastaða í lok september milli móður- og dótturfélags ekki meðtalin.

2. Áhrif almennra verðlagsbreytinga á rekstur og fjárhagsstöðu móðurfélagsins eru reiknuð og færð í árshlutareikninginn miðað við hækkun vísitölu neysluverðs innan tímabilsins, sem var 7,0%.

   Varanlegir rekstrarfjármunir móðurfélagsins og eignarhlutir í innlendum félögum, öðrum en hlutdeildarfélögum, eru endurmetnir með því að framreikna upphaflegt stofnverð þeirra og afskriftir til septemberloka 2001. Afskriftir eru færðar til gjalda á meðalverðlagi tímabilsins. Áhrif verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir móðurfélagsins eru reiknuð og færð í árshlutareikninginn og mynda reiknaðar tekjur vegna verðlagsbreytinga að fjárhæð 365,4 millj. kr. Endurmatsbreytingarnar hafa þau áhrif að fjárhæðir í efnahagsreikningi móðurfélagsins eru á verðlagi í lok september og rekstrarárangur tímabilsins á meðalverðlagi.

   Varanlegir rekstrarfjármunir dótturfélags eru færðir á kostnaðarverði í erlendri mynt miðað við gengi í lok tímabilsins að frádregnum afskriftum.

3. Verðtryggðar eignir og skuldir eru færðar upp miðað við vísitölu í byrjun október 2001. Gengistryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar í íslenskar krónur á síðasta skráðu gengi gjaldmiðla í september 2001.

4. Birgðir afurða eru metnar á meðalframleiðslukostnaðarverði, sem samanstendur af beinum og óbeinum framleiðslukostnaði. Rekstrarvörubirgðir eru metnar á síðasta innkaupsverði. Veiðarfæri sem komin eru í notkun, eru metin á helmingi kaupverðs. Birgðabreyting fullunninna afurða er færð meðal rekstrartekna en birgðabreyting rekstrarvara er færð meðal rekstrargjalda.

5. Eignarhlutir í dótturfélagi og hlutdeildarfélögum eru eignfærðir á því verði sem svarar til hlutdeildar félagsins í bókfærðu eigin fé þeirra, að teknu tilliti til mismunar á upphaflegu kaupverði og hlutdeildar í bókfærðu eigin fé við kaup. Yfirverð erlends dótturfélags er gjaldfært á tuttugu árum enda tilheyrir það aflaheimildum og veiðileyfum. Yfirverð í innlendum hlutdeildarfélögum er gjaldfært á fimm til tólf árum.

   Árshlutareikningur erlends dótturfélags er gerður á grundvelli upphaflegs kostnaðarverðs. Í samstæðurreikningi eru fjárhæðir í efnahagsreikningi þess umreiknaðar í íslenskar krónur miðað við gengi í lok september, en fjárhæðir úr rekstrarreikningi eru umreiknaðar á meðalgengi tímabilsins. Gengismunur sem myndast við yfirfærslu reikningsskila erlends dótturfélags í íslenskar krónur er færður á endurmatsreikning. Hlutdeild móðurfélagsins í endurmatsbreytingum og rekstrarárangri erlendra hlutdeildarfélaga er færð með sambærilegum hætti.

6. Tekjuskattsskuldbinding félagsins er reiknuð og færð í árshlutareikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismuni efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og árshlutareikningi hins vegar. Mismunur efnahagsliða, sem þannig kemur fram, stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins og er þar í meginatriðum um að ræða tímamismun vegna þess að gjöld, einkum afskriftir, eru að jafnaði færð fyrr í skattuppgjöri en í árshlutareikningi. Tekjuskattshlutfallið er nú reiknað 18%, í stað 30% áður, í samræmi við frumvarp ríkisstjórnarinnar og álit Reikningsskilaráðs um efnið.

## Breytingar á reikningsskilaaðferðum

7. Árshlutareikningur erlends dótturfélags er nú gerður á grundvelli upphaflegs kostnaðarverðs. Í samstæðurreikningi eru fjárhæðir í efnahagsreikningi þess umreiknaðar í íslenskar krónur miðað við gengi í lok september, en fjárhæðir úr rekstrarreikningi eru umreiknaðar á meðalgengi tímabilsins. Gengismunur sem myndast við yfirfærslu reikningsskila erlends dótturfélags í íslenskar krónur er færður á endurmatsreikning. Áður voru reikningsskil erlends dótturfélags yfirfærð í íslenskar krónur miðað við hliðstæðar reikningsskilaaðferðir og forsendur og gilda um reikningsskil hér á landi, svo sem við útreikning á áhrifum verðlagsbreytinga á rekstur og stöðu félagsins. Hlutdeild móðurfélagsins í endurmatsbreytingum og rekstrarárangri erlendra hlutdeildarfélaga hefur verið breytt með sambærilegum hætti.

## Óefnislegar eignir

8. Á liðinn óefnislegar eignir eru færðar aflaheimildir auk yfirverðs vegna fjárfestingar í eignarhlut í dótturfélagi, sem tengist fjárfestingum í fyrrgreindum eignum. Bókfært verð þessara eigna samstæðunnar nam í lok september 3.491,0 millj. kr. Hreyfingar tímabilsins greinast þannig:

| | Samstæða |
|---|---|
| Bókfært verð 1.1.2001 | 3.364.125 |
| Viðbót á tímabilinu | 148.000 |
| Endurmat á tímabilinu | 254.408 |
| Gjaldfært á tímabilinu | ( 275.485) |
| Bókfært verð 30.9.2001 | 3.491.048 |

## Varanlegir rekstrarfjármunir

9. Varanlegir rekstrarfjármunir, endurmat þeirra og afskriftir sem reiknaðar eru sem fastur hundraðshluti, greinast þannig:

| **Samstæða:** | Fasteignir | Fiskiskip | Vélar, áhöld og tæki | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Heildarverð 1.1.2001 | 1.521.480 | 9.031.964 | 2.745.008 | 13.298.452 |
| Afskriftir samtals 1.1.2001 | ( 776.678) | (4.188.469) | (1.842.519) | (6.807.666) |
| Bókfært verð 1.1.2001 | 744.802 | 4.843.495 | 902.489 | 6.490.786 |
| Endurmat á tímabilinu | 51.833 | 296.636 | 58.867 | 407.336 |
| Viðbót á tímabilinu | 21.947 | 80.738 | 11.397 | 114.082 |
| Selt á tímabilinu | | ( 317.858) | ( 12.000) | ( 329.858) |
| Afskrifað á tímabilinu | ( 35.016) | ( 300.937) | ( 148.388) | ( 484.341) |
| Bókfært verð 30.9.2001 | 783.566 | 4.602.074 | 812.365 | 6.198.005 |
| Afskriftahlutföll | 2-4% | 5-33% | 12-33% | |

10. Afskriftir samkvæmt rekstrarreikningi samstæðunnar nema 759,8 millj. kr. og greinast þannig:

| | Samstæða |
|---|---|
| Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna, sbr. skýringu 9 | 484.341 |
| Gjaldfærsla aflaheimilda, sbr. skýringu 8 | 275.485 |
| Afskriftir samkvæmt rekstrarreikningi | 759.826 |

11. Í júlí seldi móðurfélagið skipið Sæþór EA-101. Söluverð skipsins var 61,0 millj. kr. og nemur bókfært tap af sölunni 37,3 millj. kr. Í febrúar seldi dótturfélagið Onward Fishing Company Ltd. fiskiskipið MV Onward Highlander. Söluverð skipsins var 113,1 millj. kr. og nemur bókfært tap af sölunni 122,1 millj. kr.

## Áhættufé í öðrum félögum

12. Félagið átti eitt dótturfélag, Onward Fishing Company Ltd., í lok september og nam tap þess 48,8 millj. kr. á tímabilinu, samkvæmt rekstrarreikningi þess. Til viðbótar kemur afskrift af yfirverði hlutafjár við kaup að fjárhæð 17,4 millj .kr. og eru því 66,2 millj. kr. færðar til gjalda í rekstrarreikningi.

13. Félagið átti eignarhluti í tólf hlutdeildarfélögum í lok september. Á tímabilinu fjárfesti félagið í 45,3 % eignarhlut í Silfurstjörnunni hf., 18,0% í Sæsilfri hf., 14,7% í Íslandslaxi hf. og 8,0% í Snæfugli ehf. Félagið seldi 32% eignarhlut sinn í Kaldbak hf. á tímabilinu og nemur eignarhlutur félagsins 18% og er hann nú færður meðal annarra eignarhluta. Þá fjárfesti dótturfélagið Onward Fishing Company Ltd. 33,3% eignarhlut í félaginu Ulloriaq.

Eignarhlutir í Framherja Sp/f., FAB GmbH., Hraðfrystistöð Þórshafnar hf., Rifi ehf., Seagold Ltd., og Íslandslaxi hf. eru færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð í árshlutareikninginn en eignarhlutir í öðrum hlutdeildarfélögum hafa óveruleg áhrif á rekstrar- og efnahagsreikning og því eru áhrif þeirra ekki meðtalin í árshlutareikningnum. Hlutdeildarfélög móðurfélagsins greinast þannig í lok september:

| **Í eigu móðurfélags:** | Eignar-hluti | Bókfært verð | Fært í rekstrar-reikning |
|---|---|---|---|
| FAB GmbH., Þýskalandi | 35,0% | 30.706 | ( 74.903) |
| Framherji Sp/f., Færeyjum | 30,0% | 41.738 | 37.525 |
| Hraðfrystistöð Þórshafnar hf. | 27,6% | 260.838 | ( 31.936) |
| Rif ehf., Hrísey | 49,0% | 62.922 | ( 3.332) |
| Seagold Ltd., Bretlandi | 50,0% | 44.519 | 6.100 |
| Íslandslax hf., Grindavík | 64,7% | 227.048 | ( 34.286) |
| Silfurstjarnan hf., Öxarfirði | 48,4% | 122.195 | |
| Snæfugl ehf., Fjarðabyggð | 55,0% | 87.052 | |
| Sæsilfur hf., Fjarðabyggð | 53,0% | 84.915 | |
| SNS holding Ltd., Kanada | 43,2% | 77.752 | |
| Fell Ltd., Reykjavík | 50,0% | 32.380 | |
| Víkurlax ehf., Grýtubakkahreppi | 85,0% | 2.827 | |
| | | 1.074.892 | ( 100.832) |
| **Í eigu dótturfélags:** | | | |
| Ulloriaq, Grænland | 33,3% | 55.260 | |
| | | 1.130.152 | ( 100.832) |

## Langtímakröfur

14. Yfirlit um lán til dóttur- og hlutdeildarfélaga:

| Lánin greinast þannig eftir gjaldmiðlum: | Vextir | Samstæða | Móðurfélag |
|---|---|---|---|
| Kröfur í ISK | 10,0% | 91.336 | 91.336 |
| Kröfur í GBP | | | 190.659 |
| | | 91.336 | 281.995 |
| Næsta árs afborganir | | ( 9.134) | ( 28.200) |
| Lán til dóttur- og hlutdeildarfélaga í efnahagsreikningi samtals | | 82.202 | 253.795 |

### Eigið fé

15. Hlutafé félagsins nemur 1.660,0 millj. kr. samkvæmt samþykktum þess og eru eigin hlutabréf félagsins 4,1 millj. kr. Hlutafé í lok september 2001 nemur því 1.655,9 millj. kr. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

16. Yfirlit um eiginfjárreikninga:

| **Samstæða:** | Hlutafé | Yfirverðs-reikningur | Endurmats-reikningur | Lögbundinn varasjóður | Óráðstafað eigið fé | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Eigið fé 1.1.2001 | 1.655.893 | 730.338 | 149.092 | 176.503 | 2.693.129 | 5.404.955 |
| Arður til hluthafa | | | | | ( 248.357) | ( 248.357) |
| Tap tímabilsins | | | | | 268.866 | 268.866 |
| Endurmatshækkun eigna | | | 709.863 | | | 709.863 |
| Reiknaðar tekjur vegna verðlagsbreytinga | | | ( 365.438) | | | ( 365.438) |
| Endurmat eigin fjár | | | ( 190.104) | | 190.104 | |
| Eigið fé 30.9.2001 | 1.655.893 | 730.338 | 303.413 | 176.503 | 2.903.742 | 5.769.889 |

17. Eigið fé félagsins í ársbyrjun 2001 nam 5.404,9 millj. kr., sem jafngildir 5.784,7 millj. kr. í lok september miðað við 7,0% verðlagsbreytingu innan tímabilsins. Samkvæmt efnahagsreikningi nemur eigið fé 5.769,9 millj. kr. í lok september eða 14,8 millj. kr. lægri fjárhæð en í ársbyrjun miðað við verðlag í lok september 2001. Breytingin greinist þannig:

| | Samkvæmt árshlutareikningi | Á verðlagi 30.9.2001 |
|---|---|---|
| Eigið fé 1.1.2001 | 5.404.959 | 5.784.724 |
| Arður til hluthafa | ( 248.357) | ( 257.772) |
| Tap tímabilsins | 268.866 | 279.058 |
| Endurmat eigna að frádreginni verðbreytingarfærslu | 344.425 | |
| Mismunur á eignum sem ekki fylgja verðlagsbreytingum tímabilsins | | ( 36.117) |
| Eigið fé 30.9.2001 | 5.769.893 | 5.769.893 |

### Skuldbindingar

18. Tekjuskattsskuldbinding móðurfélagsins nam 444,8 millj. kr. í lok september samkvæmt efnahagsreikningi. Breyting skuldbindingarinnar á tímabilinu greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun 2001 | 583.397 |
| Tekjuskattur af reglulegri starfsemi | 128.127 |
| Tekjuskattur af óreglulegum liðum | ( 11.190) |
| Reiknaðar verðbætur | 40.991 |
| Tekjuskattsskuldbinding samkvæmt gildandi tekjuskattshlutfalli | 741.325 |
| Lækkun tekjuskattsskuldbindingar vegna fyrirhugaðrar lækkunar tekjuskatts úr 30% í 18% | ( 296.530) |
| Tekjuskattsskuldbinding í lok september 2001 | 444.795 |

### Langtímaskuldir

19. Langtímaskuldir greinast þannig eftir gjaldmiðlum og verðtryggingu:

| | |
|---|---|
| Lán í DEM | 309.927 |
| Lán í GBP | 753.566 |
| Lán í JPY | 3.016.448 |
| Lán í CHF | 636.779 |
| Lán í USD | 2.058.681 |
| Lán í EUR | 178.269 |
| Lán í RFI | 339.174 |
| Lán í öðrum gjaldmiðlum | 37.162 |
| Skuldir í erlendum gjaldmiðlum samtals | 7.330.006 |
| Skuldir bundnar innlendri vísitölu | 950.399 |
| Langtímaskuldir samtals, þar með taldar næsta árs afborganir | 8.280.405 |

### Veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar

20. Eftirtaldar eignir samstæðunar/móðurfélagsins, sem bókfærðar eru á 6.198,0/6.196,9 millj. kr. í lok september, eru veðsettar til tryggingar langtímaskuldum, sem námu 6.130,7/5.936,4 millj. kr. á sama tíma:

| | Bókfært verð | Eftirstöðvar veðlána |
|---|---|---|
| **Samstæða:** | | |
| Fiskiskip | 4.602.074 | 5.133.955 |
| Fasteignir og vélar | 1.595.931 | 831.547 |
| Samtals | 6.198.005 | 5.965.502 |
| **Móðurfélag:** | | |
| Fiskiskip | 4.602.074 | 5.133.955 |
| Fasteignir og vélar | 1.594.836 | 640.888 |
| Samtals | 6.196.910 | 5.774.843 |

Auk þess eru eignir móðurfélagsins veðsettar til tryggingar langtímaskuldum, sem námu 343,5 millj. kr. vegna leiguskips samstæðunnar. Á eignir móðurfélagsins er þinglýst tryggingarbréfum að fjárhæð 1.431,1 millj. kr. í lok september. Auk þess er móðurfélagið í ábyrgðum vegna skuldbindinga dótturfélags, sem námu 190,7 millj. kr. á sama tíma.

21. Félagið hefur gert gjaldeyrissamninga við lánastofnanir í þeim tilgangi að takmarka vaxta og gengisáhættu sína.

Samningarnir eru gerðir til að takmarka gengisáhættu eigna og skulda. Hér er annars vegar um að ræða samninga sem gerðir eru vegna skuldasamsetningar félagsins og hins vegar samninga vegna væntanlegra greiðslna vegna útflutnings félagsins. Raunstaða samninganna í lok september 2001 er neikvæð um 371,6 millj. kr., þar af hefur félagið fært 366,4 millj. kr. til skuldar í efnahagsreikningi. Mismunurinn verður færður í rekstrarreikningi í samræmi við greiðslur vegna útflutnings félagsins.

Félagið hefur gert mynt og vaxtaskiptasamninga til að takmarka gengis og vaxtaáhættu sína. Raunstaða samninganna í lok september 2001 nemur 140,5 millj. kr. sem færð er til skuldar í efnahagsreikningi í lok tímabilsins.